

BORGARRÁÐ 21. mars 2024: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hækkun niðurgreiðslu hjá einkareknum grunnskólum - MSS24030122

Lagt er til að borgarráð samþykki að hækka niðurgreiðslu Reykjavíkurborgar hjá einkareknum ungbarnaleikskólum þegar barn nær 18 mánaða aldri, í þeim tilvikum þegar barn er með virka umsókn en fær ekki pláss hjá dagforeldrum eða á borgarreknum leikskóla.

Greinargerð:

Viðmið Reykjavíkurborgar eru þau að börn ættu að vera komin með boð um leikskólapláss í borginni um 18 mánaða aldur (miðað við 1. september). Núgildandi reglur gera ráð fyrir að niðurgreiðslur nái einungis til barna hjá dagforeldrum, en ekki einkareknum ungbarnaleikskólum. Hér er um mismunun að ræða sem grundvallast á því að ekki er laust pláss hjá dagforeldri né í leikskóla og eina lausa úrræðið er einkarekinn ungbarnaleikskóli.